



Fundargerð 12. fundar stjórnar SSA, haldinn 19. maí 2020

Fundurinn var haldinn í fjarfundarbúnaði og hófst hann kl 12:30

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

1.1 Fundargerð frá 11. fundi stjórnar SSA 2019-2020

Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð næst þegar stjórn kemur saman.

1.2 Fundargerð 18. fundar framkvæmdaráðs.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar. Farið yfir samantekt um stöðu landshlutanna, Austurlands og tækifæra í stöðunni.

1.3 Fundargerðir stjórnar SSH (495,496), Vestfjarðastofa (25), SSNE (9).

Fundagerðirnar voru lagðar fram til kynningar

1.4 Fundargerðir sambandsins (881,882,883).

Fundagerðirnar voru lagðar fram til kynningar

1.5 Samráðsvefsjá strandsvæðaskipulags.

Bréf vegna samráðsvefsjár strandsvæðaskipulags lagt fram til kynningar.

1.6 Endurskoðun byggðaáætlunar.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að boðað hefði verið til fundar þann 11.júní vegna endurskoðunar byggðaáætlunar sem hún mun mæta á.

2. Innra starf SSA

2.1 Aðalfundur SSA 2020

- Ársreikningur 2019. *Framkvæmdastjóri kynnti drög að Ársreikningi SSA 2019.*
- Fjárhagsáætlun 2021. *Framkvæmdastjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun 2021. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram með drögin eins og undanfarin ár. Ákveðið að fjárhagsáætlunin verði lögð aftur fyrir á stjórnarfundum þann 9.júní áður en henni verður vísað áfram til fjárhagsnefndar.*
- Breytingar á samþykktum. *Farið var yfir tillögur að breytingum á samþykktum. Tillögurnar voru samþykktar af stjórn án athugasemda.*

Stefán Bogi hvarf af fundi vegna annars fundar eftir þennan lið.

- Skipun í undirbúningsnefndir fyrir aðalfund. *Farið yfir tillögur að skipun í undirbúningsnefndir fyrir aðalfund. Formanni falið að klára að skipa í nefndir ásamt fulltrúum Fljótsdalshéraðs.*
- Stjórnarlaun. *Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað um tillögur að breytingum á stjórnarlaunum. Stjórn var sammála um að tillögurnar skildu kynntar á aðalfundi í júní en endanleg ákvörðun tekin á haustþinginu. Framkvæmdastjóra falið að útbúa glærukynningu fyrir aðalfund varðandi þessi mál.*

2.2 Dagsetning haustþings

Lagt til að haustþing verði haldið 10.-11. október. Framkvæmdastjóra er falið að kynna dagsetninguna fyrir sveitarstjórum sem og þingmönnum kjördæmisins.

2.3 Sóknaráætlun. Viðbótarframlag – Umræður um áherslur.

Málið verður áfram til umfjöllunar á næsta fundi.

2.4 Svæðisskipulag.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála sem er óbreytt.

2.5 Fjallskilasamþykkt .

Framkvæmdastjóri sagði stöðu mála óbreytta, verið er að vinna málið með ráðuneytinu.

2.6 Sternamálið.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála og upplýsingar um stöðu málsins frá lögmanni félagsins.

2.7 Ósk um tilnefningu, Hallormsstaðaskóli.

Stjórn tilnefnir sem fulltrúa sína í stjórn Hallormsstaðaskóla þau Gunnar Jónsson og Pálinu Margeirsdóttur sem aðalmenn. Sigríður Bragadóttir og Gauti Jóhannesson eru tilnefnd sem varamenn í stjórn.

2.8 Tilnefning um aðila í svæðisráð strandsvæðisskipulags.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála.

3. Umsagnir

3.1 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um fjarskipti, 775. mál. (frestur til 5. júní)

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1354.html>

3.2 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, með síðari breytingum (átak í fráveitumálum), 776. mál. (frestur til 19. Maí)

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1355.html>

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins

3.3 Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða (markmið og hlutverk), 712. mál. (festur 20. Maí)

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1220.html>

3.4 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um svæðisbundna flutningsjöfnun (niðurlagning flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara), 734. mál. (festur 20. Maí)

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1269.html>

3.5 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaframkvæmdir, 662. mál. (frestur 22. Maí)

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1122.html>



4. Önnur mál

Ekki fleiri mál á dagskrá. Stefnt að því að hafa fund staðarfund þann 9.júní.

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Pálína Margeirsdóttir

Gauti Jóhannesson

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson